



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um samræmingu starfstíma í leikskólum og grunnskólum

Á fundi borgarráðs 9. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að Reykjavík taki sér Hafnarfjörð til fyrirmyndar og hefji undirbúning í samráði við foreldra og leikskólasamfélagið við að samræma starfstíma í leikskólum og grunnskólum þannig að skólaárið á þessum tveimur skólastigum verði sambærilegt. Þetta væri gert til að laða fólk til starfa á leikskólum en mikil mannekla hefur ríkt á leikskólum allt frá 2016. Hafnarfjörður er fyrsta sveitarfélagið til að stíga þetta skref. Markmiðið með þessu er að búa til aðlaðandi starfsaðstæður fyrir kennara á leikskólastiginu, fjölga kennurum í leikskólum borgarinnar og auka þar með fagmennsku og bæta gæði náms börnum til heilla. Umfram allt skiptir máli að gera breytingu til að gera starfið meira aðlaðandi án þess að skerða þjónustu. Nauðsynleg er að styrkja hana frá því sem nú er.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Í reglum um leikskólaþjónustu sem samþykktar voru í skóla- og frístundaráði 9. október 2018 og í borgarráði 15. nóvember 2018 segir í 4.m.gr. 1. gr. „Leikskólagjöld eru felld niður vegna virkra daga milli jóla og nýárs, vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma, enda hafa foreldrar sótt um niðurfellinguna í Rafrænni Reykjavík fyrir 10. desember ár hvert“. Með þessari samþykkt var lagður grunnur sem unnið er áfram eftir og núna er í vinnslu tillaga um að bjóða foreldrum slíkt hið sama fyrir dagana í dymbilviku og vetrarfríi grunnskóla.

Í skýrslunni *Fagleg staða stjórnenda í skóla- og frístundastarfi* sem skóla- og frístundasvið gaf út í mars 2021 voru lagðar fram margvíslegar tillögur um umbætur. Þar kemur fram tillaga um aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra til að leiða störf ófaglærða sem starfa við uppeldi og menntun barna. Um þessar mundir er unnið að nýju fjáruhlutunarlíkani fyrir leikskóla. Í ósamþykktum drögum að nýju líkani er tillaga um aukið stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra.

Vert er að geta þess að í nokkrum leikskólum í Reykjavík eru kennarar að safna sínum betri vinnutíma og full vinnustytting hefur verið innleidd fyrir allt starfsfólk leikskóla borgarinnar líkt og gert hefur verið í Hafnarfirði. Stjórnendur hafa svigrúm í samvinnu við starfsfólk um hvernig slík uppsöfnun er tekin út, hún er ekki bundin við skipulagða frídaga í grunnskólum.



Margt er óljóst við útfærslu Hafnafjarðar vegna þessarar samræmingar. Með aðgerðum sínum er Hafnafjarðarbær að koma á sambærilegu starfsári kennara í leik- og grunnskólum þannig að leikskólakennarar taka út 26 daga sem betri vinnutíma og er það gert án þess að aukið fjármagn komi til. Til þess að þetta geti gengið upp þurfa margir foreldrar að taka börnin sín úr leikskólunum á þessum tilteknu dögum til þess að það starfsfólk sem eftir er í leikskólunum geti bæði tekið út sína styttingu og mannað þær stöður sem þarf til að mæta þeim börnum sem ekki fara í frí á tilteknum dögum.

Bent er á að við ákvörðun sem þessa er að mörgu að hyggja. Í leikskólum eru starfandi ófaglærðir deildarstjórar sem ætlað er að axla sömu ábyrgð og faglærðir deildarstjórar en þeir fá ekki sömu útfærslu á betri vinnutíma. Ekki er ljóst hvaða áhrif það hefur á samstarf og samvinnu stjórnendateyma í leikskólum Hafnafjarðar.

Ljóst er að fara þarf í aðgerðir til þess að fjölga fagfólki í leikskólum. Skóla- og frístundasvið hefur farið í margvíslegar aðgerðir til þess t.a.m. að styrkja starfsfólk með aðra háskólamenntun sem starfar í leikskólum til náms í leikskólakennarafræðum. Farið hefur verið í margvíslegar umbætur til þess að gera starfsumhverfi leikskólustarfsfólks og barna ákjósanlegra, má þar meðal annars nefna:

- aukið rými barna með breytingum á restarleyfum leikskóla þar sem fækkað var um 7% þvert á alla leikskóla
- fækkað um þrjú börn í skilgreindum ungbarnadeildum
- aukin stöðugildi vegna fjögurra og fimm ára barna
- leikskóli lokaður á aðfangadag og gamlársgang
- styttri opnunartími leikskóla til 16:30
- hámarksvistun barna í 42,5 tíma á viku
- aukið úthlutað fjármagn vegna barna með annað móðurmál en íslensku
- þróunarstyrkir til að innleiða menntastefnuna og efla faglegt starf

Fleiri tillögur að leiðum til að fjölga fagfólki má finna í skýrslum skóla- og frístundasviðs *Fagleg staða stjórnenda í skóla- og frístundastarfi og Umbætur og skipulag leikskólustarfs.*